

um ódýra uppdrætti að íbúðarhúsum, eftirlit með byggingum o. fl.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Þau bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, skulu árlega láta útbúa uppdrætti af eigi færri en 5 gerðum íbúðarhúsa með einni til þrem íbúðum. Skal hverjum sem er heimilt að fá afrit af uppdráttunum til eigin afnota fyrir gjald, er eigi sé hærra en 1 kr. fyrir hvern rúmmetra í húsinu. Uppdráttum húsanna fylgi uppdrættir af pípulögnum, járnloð og raflögn og þeir séruppdrættir aðrir, sem nauðsynlegir teljast við smíði hússins, og sé andvirði þeirra innifalið í áðurgreindu verði. Sérstök áherzla skal lögð á, að húsin séu ódýr í byggingu, en fullnægi þó hóflegum kröfum um stærð, fyrirkomulag og þægindi.

2. gr.

Hver sá, er vinnur sjálfur að meira eða minna leyti að byggingu á íbúðarhúsi til afnota fyrir sjálfan sig, í kaupstað, sem hefur verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, getur fengið leiðbeiningar við verkið og eftirlit með því hjá þessum starfsmönnum bæjarfélagsins eða faglærðum aðstoðarmönnum þeirra, enda sé húsið gert eftir uppdráttum þeim, sem um getur í 1. gr. Kemur það eftirlit þá í stað umsjónar meistarara með byggingunni. Gjald fyrir slíkar leiðbeiningar og eftirlit má ákveða í byggingarsamþykkt, og miðast það við hæfilegt tímakaup til þeirra, er annast starfið, þó eigi hærra samtals en 2 krónur fyrir hvern teningsmetra í byggingunum.

3. gr.

Nú stofna 5 menn eða færri, sem eru félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi eða byggingarfélagi verkamanna, sérstaka deild innan félagsins í því skyni að koma upp íbúðarhúsum til eigin nota að verulegu leyti með eigin vinnu við byggingarnar, og hafa þá allir félagsmenn deildarinnar sama rétt til að vinna iðnaðarvinnu við byggingu íbúðarhúsa hver fyrir annan og húseigandi hefur til að vinna að byggingu húss síns.

4. gr.

Um aukavinnu, sem menn leggja fram við byggingar samkv. ákvæðum 3. gr., gilda ákvæði laga nr. 16/1949, enda séu gefnar nákvæmar upplýsingar um vinnuframlag hvers félagsmanns, ef þess er krafizt af skattayfirvöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð: „Í frumvarpi þessu er lagt til, að bæjarfélög, sem hafa verkfræðing eða húsameistara í þjónustu sinni, láti gera árlega ákveðinn fjölda uppdrátta af hentugum og hæfilega stórum íbúðarhúsum, bæði frumuppdrátta og séruppdrátta. Ætlazt er til, að uppdrættir þessir séu við það miðaðir, að húsin séu ódýr í byggingu, en þó þægileg, og að þeir séu seldir við vægu verði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að slíkir uppdrættir verði gefnir út í mörgum eintökum, en að fjölbreytni geti aukizt, eftir því sem árin líða.

Þá er og lagt til, að þeir menn, er vinna að byggingu íbúðarhúsa fyrir sjálfa sig í þeim kaupstöðum, sem hafa verkfræðinga eða húsameistara í þjónustu sinni, geti, ef þeir byggja eftir framangreindum uppdráttum, fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum bæjarfélagsins og að þeir hinir sömu menn hafi eftirlit með byggingunum, eftir því sem þeim þókar áfram. Ætlazt er til, að þessi aðstoð sé seld ódýrt og að hún komi í stað umsjónar meistarara með byggingunum.

Með 3. gr. er ætlazt til að veita mönnum, sem eru í byggingarfélagum, möguleika til þess að hjálpast að því að koma upp íbúðarhúsum til eigin nota, þannig að sú vinna, sem þeir þannig vinna hver fyrir annan, telst vera iðnaðarvinna fyrir þá hvern um sig, og að lokum, að um þessa vinnu gildi ákvæði skattalaganna um það, að eignaauki, er stafar af aukavinnu við eigin íbúð, teljist ekki til tekna.

Tilgangur frumvarpsins er að auðvelda mönnum, sem vilja koma upp húsum til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, að gera það með eigin vinnu og með eins litlum tilkostnaði og unnt er.

Kostnaður við byggingar er mjög mismunandi í landinu, og væri æskilegt, að á þeim stöðum, þar sem byggingarkostnaður er hæstur, yrði fundin leið til þess að draga úr honum fyrir þá, sem með sjálfsafneitun og aukinni vinnu vilja koma sér upp húsi til eigin afnota. Aðstoð eins og sú, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti dregið mikið úr tilfinnanlegum kostnaðarliðum við byggingar, og samstarf fleiri manna við vinnuna, sem talin yrði eigin vinna, mundi geta orðið mjög til hagræðis.“